



Sex mánaða uppgjör Landsvirkjunar

Tekjur, EBITDA og hagnaður hækka milli tímabila

Helstu atriði árshlutareiknings

- Rekstrartekjur námu 269,5 milljónum USD (28,6 ma.kr.) og hækka um 37,2 milljónir USD (16,0%) frá sama tímabili árið áður.¹
- EBITDA nam 197,8 milljónum USD (21,0 ma.kr.). EBITDA hlutfall er 73,4% af tekjum, en var 72,2% á sama tímabili í fyrra.
- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 86,7 milljónum USD (9,2 ma.kr.), en var 75,1 milljón USD á sama tímabili árið áður og hækkar því um 15,4% milli tímabila.
- Hagnaður tímabilsins var 54,5 milljónir USD (5,8 ma.kr.) en var 39,7 milljónir USD á sama tímabili árið áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 50,0 milljónir USD (5,3 ma.kr.) frá áramótum og voru í lok júní 1.992,6 milljónir USD (211,2 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 149,2 milljónum USD (15,8 ma.kr.) sem er 4,8% hækkun frá sama tímabili árið áður.

Hörður Arnarson, forstjóri:

„Rekstur Landsvirkjunar heldur áfram að þróast með jákvæðum hætti en fyrri hluti ársins 2018 er tekjuhæsti árshelmingurinn í sögu fyrirtækisins, meðal annars vegna aukinnar orkusölu og hækkandi álverðs. Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði, sem er sá mælikvarði á rekstur sem við lítum helst til, er rúmir 9 milljarðar króna á fyrri helmingi ársins og jókst um 15% frá sama tímabili árið áður. Þá lækkuðu nettó skuldir fyrirtækisins um 5 milljarða króna, eftir að tímabundið hafði hægt á lækkun skulda vegna umfangsmikilla framkvæmda.


Í lok júní var hornsteinslagning og gangsetning Búrfellsstöðvar II, átjándu aflstöðvar Landsvirkjunar, og verður hún tekin í fullan rekstur í ágúst 2018. Áður hafði Þeistareykjastöð hafið fullan rekstur í apríl.“

¹ Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 106




Rekstur

Þróun rekstrartekna



Rekstrartekjur hækkuðu um 37 m. USD í samanburði við sama tímabil í fyrra. Skýrist sú hækkun að mestu vegna herra álverðs, aukinnar orkusölu og styrkingar íslensku krónunnar gagnavart Bandaríkjadal. Hluti af raforkusamningum eru tengdir álverði og tekjur vegna heildsölu eru í íslenskum krónum.


EBITDA og EBITDA hlutfall



Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir, EBITDA, nam 198 m. USD. Styrking íslensku krónunnar hefur áhrif til hækkunar á rekstrargjöldum til mótvægis við áhrif styrkingarinnar á tekjur sem myndar náttúrulega gengisvörn. Þróun EBITDA hefur verið í takt við jákvæða tekjuþróun fyrirtækisins.




Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði er sá mælikvarði sem Landsvirkjun horfir til þegar metinn er grunnrekstur fyrirtækisins. Hagnaðurinn nam 87 m. USD en var 75 m. USD á sama tímabili árið áður. Hækkun má einkum rekja til hækkunar á tekjum en á móti kemur hækkun fjármagnsgjalda vegna einkisþisfærslu vaxtagjalda að fjárhæð 10 m. USD í tengslum við uppgreiðslu á skuldabréfi og láni.

Áhrifaþættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði á H1 2018




Nettó skuldir lækka


Landsvirkjun hefur lagt mikla áherslu á að lækka skuldir síðustu ár. Nettó skuldir eru vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé fyrirtækisins. Frá áramótum hafa skuldir lækkað um 50 m. USD. Umfangsmiklu framkvæmdatímabili er nú senn að ljúka en fjárfest var fyrir 97 m. USD á tímabilinu. Þar ber hæst bygging tveggja virkjana, Þeistareykja og Búrfells II, sem báðar hafa nú verið gangsettar. Sú síðarnefnda var gangsett í lok júní mánaðar en verður tekin í fullan rekstur í ágúst 2018. Fjármunamyndun fyrirtækisins (handbært fé frá rekstri) var um 149 m. USD fyrir tímabilið og stóð því að fullu undir fjárfestingum tímabilsins.



Nettó skuldir og eiginfjárhlutfall



Handbært fé samstæðunnar nam 112 m. USD í lok júní 2018 en þróunin sést á grafinu hér að neðan. Handbært fé frá rekstri hefur staðið undir fjárfestingum síðastliðinna ára og er það forsenda bættrar skuldastöðu fyrirtækisins.



Horfur í rekstri

Afkoma Landsvirkjunar mun áfram ráðast að miklu leyti af þróun álverðs, vaxta og gjaldmiðla. Tekjur Landsvirkjunar eru að hluta til tengdar verði á áli, hluti lána ber breytilega vexti og hluti lánasafns er í öðrum gjaldmiðlum en USD. Því hafa breytingar á þeim áhrif á framtíðar afkomu Landsvirkjunar en markvisst hefur verið unnið að því að lágmarka þá áhættu.

Reykjavík, 17. ágúst 2018

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

s. 515 9000



Um árs hlutareikninginn

Árs hlutareikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reiknings skilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadölum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

Helstu stærðir árs hlutareiknings í þúsundum Bandaríkjadala:

	2018	2017	2016	2015	2014
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Rekstur					
Rekstrartekjur	273.946	234.172	204.452	210.979	196.877
Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði	(4.402)	(1.812)	2.475	4.764	6.363
Rekstrartekjur samtals	269.544	232.360	206.927	215.743	203.240
Rekstrar- og viðhaldskostnaður	(71.789)	(64.676)	(51.720)	(46.483)	(48.381)
EBITDA	197.755	167.684	155.207	169.260	154.859
Afskriftir og virðisrýrnun	(61.839)	(58.321)	(58.471)	(57.399)	(55.831)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	135.916	109.363	96.736	111.861	99.028
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(49.192)	(34.231)	(32.256)	(31.822)	(44.601)
Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði	86.724	75.132	64.480	80.039	54.427
Óinnleystir fjármagnsliðir:					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	(29.133)	35.816	14.391	(13.591)	(5.650)
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða	14.046	(2.951)	(2.908)	(3.475)	(6.566)
Óinnleystur gjaldeyrismunur	10.037	(48.495)	(20.914)	34.130	8.779
	(5.050)	(15.630)	(9.431)	17.064	(3.437)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	81.674	59.502	55.049	97.103	50.990
Tekjuskattur	(27.167)	(19.789)	(20.216)	(33.203)	(16.443)
Hagnaður	54.507	39.713	34.833	63.900	34.547
Efnahagur	30.6.2018	30.6.2017	30.6.2016	30.6.2015	30.6.2014
Eignir samtals	4.486.572	4.379.436	4.233.437	4.150.537	4.455.652
Eigið fé samtals	2.099.502	1.995.963	1.937.653	1.750.658	1.681.003
Skuldir samtals	2.387.070	2.383.473	2.295.784	2.399.879	2.774.649
Nettó skuldir	1.992.640	2.017.227	1.946.033	2.018.559	2.376.422
Lykiltölur					
Handbært fé frá rekstri	149.239	142.366	123.841	146.428	114.226
Fjárfestingar	(96.656)	(117.767)	(51.132)	(21.774)	(48.533)
Fjármögnun	(66.682)	(62.681)	(103.290)	(148.425)	(139.227)
Lausafé alls	491.026	510.647	617.498	461.859	508.284
Eiginfjárhluftfall	46,8%	45,6%	45,8%	42,2%	37,7%
Arðsemi eiginfjár	6,2%	3,7%	3,1%	6,4%	2,9%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld)	4,77x	5,32x	4,87x	4,39x	3,35x
Nettó skuldir / EBITDA	5,30x	6,42x	6,33x	5,82x	7,46x

Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.